

Mál nr. 190/2016
M
vátryggingafélagið V v. brunatryggingar

Krafa um bætur vegna tjón á lausafé vegna tjóns 20.3.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið 16.6.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-4.
2. Bréf V dags. 4.7.2016.

Málsatvik.

M krefst þess að V bæti brunatjón á lausafé vegna bruna sem átti sér stað 20.3.2011, með kr. 22.214.820 skv. mati í bréfi lögmanns M dags. 7.8.2015. Af hálfu M er því haldið fram að V hafi ekki látið meta tjónið þrátt fyrir ítrekaðar kröfur þar um og samskipti aðila. V hafnar bótaskyldu og segir að uppgjör vegna brunatryggingar fasteignar sé fullfrágengið en uppgjör vegna lausafjár hafi ekki farið fram og engin skoðun á tjóninu hafi farið fram þegar bruninn átti sér stað og hafi M í stað þess að kalla á tjónaskoðunarmenn tæmt húsnæðið og komið fyrir í geymslu. V vísar til bréfs lögmanns M dags. 7.8.2015 og segir að það bréf feli í sér upptalningu á munum og verðlagningu M, en engin gögn um munina hafi fylgt. V vísar til 52. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 (vsl.) varðandi fyrningu og telur kröfu M fyrnda. Þá segir V að M hafi ekki fullnægt skyldu sinni skv. 47. gr. vsl. um að veita V upplýsingar eða leggja fram gögn til að félagið gæti metið ábyrgð sína og greitt bætur. V hafnar því að úrskurðarnefnd í vátryggingarmálum taki afstöðu til fjárhæðar bóta.

Álit.

Óumdeilt er að tjón varð á fasteign og lausfé þegar starfsstöð Bíltækni ehf. á Smiðjuvegi 32 í Kópavogi brann. Í gögnum málsins kemur fram að með yfirlýsingu dags. 9.12.2011 fékk M framseld öll réttindi til að krefjast vátryggingarbóta vegna brunans frá þrotabúi. Fyrir liggur að brunatjón skv. brunatryggingu á fasteigninni er fullfrágengið, en ekki hafa verið greiddar bætur vegna tjóns á lausafé. Samkvæmt gögnum málsins hafa lögmenn verið M til aðstoðar vegna kröfu á hendur V vegna tjóns á lausafé og þeir hafa átt samskipti við V, en ekki látið meta tjónið eða höfðað dómsmál til að koma í veg fyrir fyrningu kröfuréttinda M á hendur V. Samkvæmt 52. gr. vsl. fyrnast kröfur um bætur á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem varða grundvöll kröfu hans. Verður að ætla að vátryggður hafi haft upplýsingar um slík atvik fljótlega eftir brunann og alla vega í síðasta lagi, við framsal krafna með yfirlýsingu dags. 9.12.2011 frá þrotabúi Bíltækni ehf. átti M að hafa allar upplýsingar um þau atvik sem vörðuðu grundvöll kröfu hans á hendur V. Verður því að líta svo á að fyrningarfrestur skv. 52. gr. vsl. hafi byrjað að líða við lok almanaksársins 2011. Síðan eru liðin meira en fjögur ár og telst krafa M því fyrnd.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr brunatryggingu lausafjár hjá V þar sem krafa hans er fyrnd.

Reykjavík 16.8.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.